

## Fundargerð

407. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 8. maí 2018 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Reynir Vilhjálmsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Finnur Birgisson, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Kári Jónasson, Erna Indriðadóttir og Guðrún Árnadóttir, sem ritaði fundargerð. Einnig sat Gísli Jafetsson, framkv.stjóri FEB fundinn.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

### 1. Fundurinn 5. maí – hvernig var hann?

Umræða um fundinn, undirbúning hans og framkvæmd. Allir sammála um að fundurinn og skipulag hans hafi tekist vel. Bæði gott og nauðsynlegt, að málefni eldri borgara rati inn í umræðuna og að félagið minni á sig, jafnvel þó árangurinn verði ekki mikill.

### 2. Lóðamál - úthlutun Reykjavíkurborgar

Sagt var frá aðdraganda úthlutunar lóðarinnar og hugmyndum um samstarf við Vildarhús. Nauðsynlegt að tilkynna byggingaáformin nú þegar hjá Íbúðalánasjóði vegna lánanna, sem þar verður sótt um. 50 íbúða lóð á reit, sem er enn óskipulagður. Breytingar á skipulagi eru auglýstar í dag, 8. maí. Ákjósanlegt fyrir okkur að koma að skipulaginu frá byrjun. Síðan þarf að stofna leigufélag um framkvæmdirnar. Skilyrði fyrir umsóknum um íbúð er að vera innan vissra tekju og eignamarka og síðan að vera félagsmaður í FEB.

### 3. Samstarfssamningur við Vildarhús

Gísli, ásamt stjórnarmönnum Þorbirni og Finni falið að vinna það verkefni áfram. Formaður mun einnig fylgjast með þeim málum. Nokkur umræða um ýmsan kostnað og skipulagsmál.

### 4. Fyrsti fundur nefndar með velferðarráðuneytinu

Fulltrúar FEB í þeirri nefnd, Guðrún og Þorbjörn, sögðu frá fundinum og lýstu jafnframt hugmyndum um vinnubrögð. Stjórnin vill fylgjast með framvindu mála og leggur áherslu á að horfa vítt, en einbeita sér að málum þeirra verst settu.

### 5. Nefndarskipan á vegum FEB / Gráa hersins. Þ.á.m. ferðanefnd, ritnefnd, bygginganefnd og skemmtinefnd

Umræða um starf og stöðu Gráa hersins innan FEB. Rætt um nefndir FEB og einnig rætt um samband stjórnar félagsins við þá hópa sem hafa verið myndaðir hjá GH um ýmis málefni. Stjórnarmenn „skráðu“ sig í þessa hópa sem hér segir:

1. Hópur um skerðingar sem sameinaður verði hópi nr. 2: Guðrún, 2. Hópur um dómsmál: Finnur, 3. Hópur um hjúkrunarheimili: Sigríður og Reynir. Hópur um Bítlaball: Erna.

Skipan stjórnarmanna í aðrar nefndir, sem eru starfandi á vegum FEB. Ferðanefnd: Kári og Anna Þrúður, Ritnefnd: Ellert og Reynir, Bygginganefnd: Finnur, Skemmtinefnd: Sjöfn og Guðrún. Guðrún segir sig jafnframt frá byggingarnefnd og kemur Finnur þar inn í staðinn.

## 6. Önnur mál Málaferli vegna lífeyrismáls. Árétting til LEB

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni skorar á Landssamband eldri borgara að fylgja eftir tillögum og samþykktum síðustu landsfunda um að farið verði í mál til að láta reyna á margumræddar skerðingar í almannatryggingakerfinu, og hefja undirbúning slíkra málaferla. Félagið minnir á eftirfarandi ályktun landsfundar um kjaramál í maí 2017.

Landsfundurinn telur að skoða eigi til hlítar hvort höfða eigi mál gegn ríkinu og fá þar úr því skorið hvort ákvarðanir Alþingis um að skerða tekjur eldra fólks, sem hefur áunnið sér réttindi í lífeyrissjóði, standist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

**Málefni Seljahlíðar.** Gísla falin afgreiðsla málsins í samstarfi við Sigríði.

**Málefni Markar.** FEB stígur ekki hér inn. Afgreiðsla málsins í höndum Grundar og Markar.

### Rekstraráætlun FEB jan. – mars 2018 lögð fram

**Formaður ræddi auglýsingu** sem hann er á og óskað hefur verið eftir birtingu á í næstu Félagstíðindum. Niðurstaða að formaður ræðir við ritstjóra og tekur sína ákvörðun.

**Rætt starfsmenn.** Umsvif félagsins það mikil að þörf er á fjölgun starfsmanna. Framkvæmdastjóri með málið.

**Næsti stjórnarfundur** var ákveðinn 7. júní kl. 9.30.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 11.50.

Guðrún Árnadóttir og Gísli Jafetsson

Samþykkt;